



Skýrsla stjórnar Betri samgangna fyrir 2025

Dagsetning: 29.4.2026

Inngangur

Ágætu fulltrúar hluthafa og góðir gestir.

Að baki er fimmta heila rekstrarárið frá stofnun fyrirtækisins og fyrsta heila starfsárið eftir að tilflutningi verkefna til Betri samganga lauk og þar af leiðandi fjölgaði starfsmönnum og eru þeir í dag níu.

Almennt er góður gangur í undirbúningi verkefna og framkvæmdum við stofnvegi jafnt sem Borgarlínu og göngu- og hjólastíga. Betri samgöngur voru með fimm útboð á árinu 2025 og það sem af er þessu ári hafa sjö verkefni verið boðin út.

Eitt af viðfangsefnum í uppfærðum Samgöngusáttmála var að endurnýja samning Betri samgangna og Vegagerðarinnar um hlutverk og þjónustu Vegagerðarinnar í verkefnum sáttmálans. Nýr samningur var undirritaður 16. janúar 2026.

Stofnun opinbers hlutafélags um rekstur almenningsamgangna gekk eftir á starfsárinu og gengið var frá ráðningu framkvæmdastjóra félagsins. Davíð Þorláksson, sem hefur verið framkvæmdastjóri Betri samgangna frá upphafi, og sem við þekkjum af góðu einu. Vinnu við Borgarlínuna og mótun reksturs almenningsamgangna í heild sinni þarf að vinna samhliða og í nánú samstarfi eins og stjórn Betri samgangna ræddi meðal margra annarra mála á sínum fyrstu fundum haustið 2020. Við hlökkum til samstarfsins við nýja systurfélagið og óskum Davíð farsældar í nýju starfi um leið og við bjóðum Þorstein R. Hermannsson velkominn til starfa sem framkvæmdastjóri Betri samganga.

Fjárfestingar

Samgöngusáttmálinn snýst um tvær grunnstoðir; fjárfestingar og fjármögnun. Fjármálastjóri fer hér á eftir yfir hvernig fjárfestingum hefur miðað í krónum og aurum þegar hann fer yfir ársreikninginn.

Framkvæmdir fyrir Fossvogsbrú hafa gengið vel. Vinna við landfyllingar og sjóvarnir, sem hófust Reykjavíkurmegin í apríl í fyrra, er á undan áætlun og lýkur í sumar. Útboð vegna sjálfrar brúarsmiðarinnar var auglýst síðasta vor og



verksamningur í kjölfarið undirritaður þann 20. nóvember síðastliðinn. Samið var við Ístak hf. & Per Aarsleff AS en fyrirtækin áttu lægra af tveimur tilboðum í verkið og hljóðar samningurinn upp á 7.661 milljónir króna. Landfyllingin á Kársnesi var svo afhent verktökum til undirbúnings fyrir brúarsmíði í janúar og hófust brúarframkvæmdir á dögnum og áætlað að þeim ljúki 2028.

Fossvogsbrúin Alda, sem á eftir að verða fallett og áberandi kennileiti á höfuðborgarsvæðinu, er hluti af Borgarlínunni og áætlað að um 10 þúsund manns muni daglega hjóla, ganga eða fara með almenningsamgöngum um brúnna auk þess sem hún verður mikilvæg fyrir forgangsakstur lögreglu, sjúkraflutninga og slökkviliðs. Lúkning hennar mun verða mikil lyftistöng fyrir greiðari samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Borgarlínuframkvæmdir eru einnig að hefjast á hluta Laugavegar, frá Hlemmi að Katrínartúni, og við Nauthólsveg og HR. Undirbúningur er í gangi fyrir framkvæmdir sem fara af stað síðar á árinu, m.a. við Fossvog og á efra svæði Ártúnshöfða.

Framkvæmdum við Arnarnesveg, milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar, miðar vel áfram. Breikkun Breiðholtsbrautar og gatnagerð fyrir tengingu Arnarnesvegar við Breiðholtsbraut er nánast lokið. Áfram er unnið við gatnagerð í vegstæði Arnarnesvegarins, byggingu nýrrar göngubrúar yfir Arnarnesveg ásamt framkvæmum við undirgöng og nýrra göngu- og hjólastiga meðfram Arnarnesvegi. Áætlað er að framkvæmdum við Arnarnesveg og tengd mannvirki ljúki í nóvember á þessu ári.

Göngu-og hjólabrýr við Dimmu og Grænugróf í Elliðaárdal hafa verið opnaðar fyrir umferð gangandi -og hjólandi vegfarenda en lokafrágangur fer fram í vor sem felst t.d. í lýsingu við brýrnar.

Vinna við deiliskipulag Sæbrautarstokks er í fullum gangi og nýlega var hönnun undirbúningsframkvæmda vegna stokksins boðin út. Samþykkt liggur fyrir um að umhverfismat stokksins ásamt deiliskipulagi fari í kynningu á næstu vikum og að verkhönnun stokksins hefjist um leið og samþykkt deiliskipulag liggur fyrir.

Vinna við frumdrög Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Álftanesvegi er á loka metrunum og á grundvelli hennar verður hægt að taka ákvörðun um leiðarval. Til samanburðar við skilgreinda lausn í sáttmálanum sem byggir á mislægum gatnamótum við Lækjargötu, Fjarðahraun og Álftanesveg voru skoðuð möguleg jarðgöng frá Lækjargötu að Álftanesvegi.

Næstu útboð Vegagerðarinnar vegna stofnvega sáttmálans eru útboð á for- og verkhönnun fyrir gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar ásamt hluta þriðju lotu Borgarlínu frá Vogabyggð að Stekkjarbakka sem auglýst var nú í apríl. Þá er



Útboð á frumdrögum Garðabæjar stokks í undirbúningi og reiknað með útboði þeirra á fyrri helmingi 2026.

Þá fjármögnuðu Betri samgöngur í gegnum Samgöngusáttmálann fjórar framkvæmdir á göngu- og hjólastígum á árinu.

Á meðal verkefna eru stígagerð vestan Reykjavíkurvegar, sem er lokið, og miðar vel áfram vestan Hafnarfjarðarvegur í Garðabæ, stefnt er á verklok í sumar.

Framkvæmdir við næsta áfanga stíga vestan Hafnarfjarðarvegur eru í útboði og stefnt er á að framkvæmdir hefjist í sumar og standi fram að

áramótum. Framkvæmdarstaðirnir verða við Voginn í Kópavogi, þar verður einnig gerð ný göngubrú og við Ásahverfi í Garðabæ. Tilboð í framkvæmdirnar voru opnuð fyrir í vikunni. Framkvæmdum við stíga við Fjarðarhraun miðar vel áfram og verður lokið næsta haust. Þar eru Veitur í framkvæmdum við endurnýjun lagna og stígagerð er unnin samhliða því.

Nýlega hófst verkhönnun á brú yfir Álftanesveg við Engidal og miðar þeirri hönnunarvinnu vel áfram.

Fjármögnun

Fjármögnun fjárfestinga Samgöngusáttmálans byggist á framlögum frá hluthöfum, væntanlegum flýti- og umferðargjöldum og þróun og sölu á Keldnalandinu. Samkvæmt uppfærðum sáttmála frá ágúst 2024 leggur ríkið fyrirtækinu til um 6,8 milljarða á ári á næstu árum og sveitarfélögin alls um 2 milljarða, sem skiptist eftir íbúafjölda þeirra.

Þróun og sala lands að Keldum er eitt af þeim hlutverkum sem fyrirtækinu var falið í Samgöngusáttmálanum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Nú stendur yfir vinna við undirbúning rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum. Stefnt er að því að endanleg tillaga að rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt þróunaráætlun Keldnaland verði kynnt um næstu áramót og fyrstu deiliskipulagsáætlanir kynntar samhliða. Í húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar 2026-2035 er gert ráð fyrir að úthlutun byggingarhæfra lóða fyrir alls um 6.000 íbúðir á Keldnalandi hefjist árið 2029.

Lokaorð

Fjármálastjóri mun fara yfir ársreikninginn hér á eftir, en hann er áritaður athugasemdalaust af Ríkisendurskoðun. Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar segir að ársreikningur sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu, afkomu og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi Betri samgagna hefur verið í traustum og föstum skorðum á þessu starfsári eftir að miklar breytingar urðu í kjölfar uppfærslu Samgöngusáttmálans.



Innleiðing stefnu stjórnar Betri samganga, varastjórnar og starfsfólks hefur gengið vel og er langflestum verkefnum í lokið.

Samstarfið í stjórninni hefur gengið vel og var 124. stjórnarfundurinn frá upphafi haldinn nú í apríl. Haldnir voru 20 stjórnarfundir á síðasta ári og þeir hafa verið níu það sem af er þessu ári.

Hér hef ég stiklað á stóru í starfseminni á liðnu starfsári og vil nota tækifærið til að þakka farsælt samstarf innan stjórnar og við starfsfólk. Jafnframt þakka ég gott og árangursríkt samstarf við hluthafa okkar. Samgöngusáttmálinn, sem allt okkar starf gengur út á, hefur aldrei verið jafn mikilvægur fyrir betri samgöngur og betri lífsgæði á höfuðborgarsvæðinu en nú.
